

## **Skaða stóru bankarnir samkeppni?**

### **Seinni hálfleikur hrunsins-Atvinnulíf í beisli fjármálafyrirtækja**

Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

### **Tvö af hverjum þremur fyrirtækjum í landinu undir beinum yfirráðum fjármálafyrirtækja eftir hrunið.**

Góðir fundargestir.

Samkvæmt skýrslum Samkeppniseftirlitsins lentu tvö af hverjum þremur 120 stærstu fyrirtækjum í landinu undir beinum eða óbeinum yfirráðum fjármálafyrirtækja, aðallega stóru bankanna, við hrunið. Bæði eftirlitið og starfsmenn innan stóru bankanna sem unnu að endurskipulagningu fyrirtækja segja að þessi tölfræði sé í raun yfirfæranleg yfir á öll fyrirtæki í landinu. Tvö af hverjum þremur fyrirtækjum skuldaði meira en eignir þeirra voru og áttu því sitt undir bönkunum.

Bankarnir sem upphaflega lánuðu þessum fyrirtækjum peninga voru vitanlega ekki lengur til. Í stað þeirra voru komnir ófjármagnaðar endurreistar eftirmyndir undir yfirráði ríkisins.

Ríkið, sem bar ábyrgð á hinum endurreistu bönkum, og fjármálakerfið allt stóð því frammi fyrir risavöxnu verkefni við að ráða fram úr þessum fordæmalausum aðstæðum. Í fyrsta lagi þurfti að ákveða hver ætti að sjá um þá endurskipulagningu sem nauðsynleg var. Áttu bankarnir sjálfir að gera það eða átti ríkið að setja upp einhvern sérstakan vettvang fyrir það á borð við eignaumsýslufélagið sem Mats Josefsson lagði til að myndað yrði utan um þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki?

Það þurfti líka að ákveðna hvaða viðmið áttu að gilda í þessari endurskipulagningu. Átti að vernda þá sem ráku fyrirtæki sín vel fyrir bankahrun, og náðu að lifa það af, gegn því að samkeppnisaðilar þeirra fengju stórkostlegar afskriftir og yrðu mun betur í stakk búnir til að keppa á markaði eftir endurskipulagningu? Eða átti að nálgast málið út frá þjóðhagslegum forsendum og hafa það markmið að halda uppi atvinnustígi og framleiðni?

### **Endurreisn með hagsmuni fjármálafyrirtækja að leiðarljósi.**

Niðurstaðan varð sú að láta nýju bankanna sjá um endurskipulagninguna. Það tafðist reyndar í lengri tíma að koma þeim af stað í það verkefni þar sem það þurfti að fjármagna þá svo þeir væru í stakk búnir að sinna þessu verkefni. Það var ekki gert fyrr en seint á árinu 2009. Þá hafði dýrmætur tími farið til spillist sem nýst hefði til endurskipulagningar á íslensku atvinnulífi.

Þær leiðir sem valið var að fara voru í einföldu máli tvær: Annars vegar var ráðist sértækt í endurskipulagningu stærri fyrirtækja. Með stærri fyrirtækjum er átt við þau sem skulduðu yfir einn milljarð króna. Sum þeirra skulduðu raunar hundruði milljarða króna, en það er önnur saga. Þar var mjög breytilegt hvort fyrri eigendur héldu einhverju af eignum sínum eftir. Í sjávarútvegi var það til að mynda mjög algengt að svo væri. Þá komu eigendur með tíu prósent nýtt eigið fé og fengu skuldir skrifaðar niður að eignarstöðu í staðinn.

Hin leiðin var að ráðast í almenna leið fyrir fyrirtæki sem skulduðu minna en milljarð króna, en sú leið fékk nafnið „Beina brautin“. Sú leið átti að laga skuldastöðu fyrirtækjanna að greiðslugetu og eignum þeirra. Með öðrum orðum var sett upp risastór iðnaðarþvottavél fyrir öll fyrirtæki sem féllu í þennan flokk og stillt á sömu stillingu fyrir þau öll, óháð því að eðli þeirra var mjög ólíkt.

Í þessum aðförum öllum saman voru fjölmörg fyrirtæki voru tekin yfir af bönkum. Í maí 2012 kom fram að bankar höfðu þá átt, að hluta eða í heild, 193 félög í óskyldri starfsemi frá miðju árinu 2011. Þar af höfðu þeir átt 179 þeirra í meira en tólf mánuði, en samkvæmt lögum mega fjármálafyrirtæki einungis eiga félög í óskyldum rekstri í 12 mánuði hið mesta án undanþágu. Af þeim félögum sem voru í eigu banka 1. maí 2012 voru einungis 14 innan upphaflegra tímakarka en frestir höfðu verið veittir vegna 102 þeirra. Dæmi eru um að bankar hafi átt fyrirtæki fjórum sinnum lengur en lög kveða á um.

### **Seinni hálfleikur endurskipulagningar atvinnulífsins framundan.**

Samkeppniseftirlitið kynnti í síðasta mánuði þriðju skýrslu sína um samkeppnisaðstæður eftir hrun. Þar var enn og aftur farið yfir hvernig endurskipulagning atvinnulífsins hefur farið fram og hvort árangur hennar sé viðunandi. Niðurstaðan er sú að svo sé alls ekki. Atvinnulífið var endurskipulagt með hagsmuni fjármálafyrirtækja, aðallega banka, að leiðarljósi. Fyrirtæki eru sett allt of skuldsett út úr endurskipulagningu. Slíkt dregur úr hvata þeirra til að vaxa og skilar þeim líklega aftur inn í þvottavél bankanna.

Arðsemi og framleiðni í atvinnulífinu er lág, aðgangshindranir fyrir nýja aðila, jafnt innlenda sem erlenda, inn á markaði eru miklar enda eru fyrirliggjandi fyrirtæki vernduð af fjármálafyrirtækjum sem annaðhvort eiga þau beint eða skuldir þeirra. Allt þetta mun leiða til lakari líf skjara fyrir Íslendinga. Skýrsla Samkeppniseftirlitsins ber enda nafnið „Er týndi áratugurinn framundan?“.

Of mörg fyrirtæki sem voru ekki rekstrarhæf fengu að lifa og sköpuðu við það afleittar rekstraraðstæður. Þetta var líka gert með hagsmuni fjármálafyrirtækja að leiðarljósi, ekki íslensks samfélags. Með þessum hætti var hægt að halda kröfum á þau lifandi í bókum bankanna. Mörg þeirra fyrirtækja sem voru lífvænleg voru auk þess sett allt of skuldsett aftur út í atvinnulífið.

Þessu til stuðnings má benda á að strax snemma á árinu 2012 staðfesti FME að sum þeirra fyrirtækja sem hefðu farið í gegnum endurskipulagningu væru komin aftur í vanskil. Þótt bankarnir hafi ekki verið að flagga þessum tölum þá heyrir maður þetta víða, og Samkeppniseftirlitið er á þeirri skoðun að mörg þeirra þurfi á annarri endurskipulagningu að

halda. Þetta endurspeglast ágætlega í skýrslu Samkeppniseftirlitsins, sem kemst að þeirri niðurstöðu að bankar séu enn með yfirráð yfir 25 prósent 120 stærstu fyrirtækja landsins. Með því er átt við að annaðhvort eiga þeir þau beint eða fyrirtækin eru með neikvætt virði hlutafjár.

Enn er fyrir hendi óvissa um það hvort réttari aðferðarfræði var beitt við tiltektina. Skuldsetning lítilla og meðalstórra fyrirtækja er ennþá há og lítið má út af bera. Biðlán sem þau fengu og báru enfa vexti voru flest til þriggja ára. Frumforsenda þess að „Beina Brautin“ myndi virka var að hagvöxtur yrði góður á Íslandi meðan að biðlána tímabilinu stæði. Það hefur hann ekki verið og því líklegt að mörg fyrirtæki sem voru keyrð í gegnum þessa áætlun muni ekki geta endurfjármagnað sig þegar greiða þarf biðlánin. Þá þarf að endurskipuleggja þau aftur.

Niðurfærsla á skuldum niður að eignarvirði fyrirtækja getur líka verið skammgóður vermir í hagkerfi innan hafta þar sem erfitt er að greina milli hins falska og hins raunverulega.

Það hlýtur að vera niðurstaða okkar að endurskipulagning íslensks atvinnulífs hafi ekki gengið sem skyldi, svo vægt sé til orða tekið. Það má jafnvel ganga svo langt að segja að hún hafi mistekist. Nauðsynlegt virðist að ráðast í seinni hálfleik í þeirri endurskipulagningu og losa fyrirtækin um leið undan oki stóru bankanna. Heilbriggt atvinnulíf getur hreinlega ekki þrífist við aðstæður þar enginn hvati er til tekjusköpunar þar sem viðbótartekjurnar fara hvort eð er allar aftur til bankans.

Takk fyrir.